

13. Ákvæði laga um grunnskóla nr. 62/1974 um kennslutíma o. fl. koma ekki að fullu til framkvæmda fyrr en eftir nokkurn tíma, enda gerir 88. gr. laganna ráð fyrir því að lögín komi til framkvæmda „svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntamálaráðuneytisins, þó eigi síðar en innan 10 ára frá gildistöku.“

Að því er varðar vikulega stundaskrá nemenda í 1.—9. bekk grunnskóla og kennsluskipan innan ramma hennar koma ákvæði laga um grunnskóla til framkvæmda að því marki sem tilgreint er í aðalnámskrá grunnskóla og þessari auglýsingu.

14. Svo sem verið hefur er sveitarfélögum heimilt að setja á stofn og starfrækja forskóla, sbr. 74. gr. grunnskólalaga. Ráðstöfunarstundir til þessarar kennslu miðast við allt að 0.65 vikustundir á nemanda. Um forskólahald skal leita heimildar hlutaðeigandi fræðslustjóra.

Í menntamálaráðuneytinu, 9. apríl 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

27. apríl 1979.

Nr. 174.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 16 20. janúar 1978 um skotvopn og skotfæri.

1. gr.

2. gr. breytist þannig:

- a. Í stað „cal.“ í 1. tölul. komi: númer.
- b. 2. tölul. orðist svo: Rifflum cal. 22 (long rifle og minni), þó eigi sjálfvirkum eða hálf sjálfvirkum.
- c. 3. tölul. orðist svo: Loftskotvopnum.

2. gr.

3. gr. breytist þannig:

- a. Í stað „cal.“ í 1. tölul. 1. mgr. komi: númer.
- b. 2. tölul. 1. mgr. orðist svo: Rifflum cal. 30 (7,62x63 mm) og með minni hlaupvídd, margskota, þó eigi sjálfvirkum eða hálf sjálfvirkum.
- c. 1. másl. 5. mgr. orðist svo: Leyfi fyrir rifflum með meiri hlaupvídd en cal. 243 (6,1x52 mm) skal ekki veita nema í undantekningartilfellum og að jafnaði aðeins þeim, sem stunda veiðar stærri dýra, svo sem hreindýra.
- d. 6. mgr. orðis svo: Að jafnaði skal ekki veita leyfi fyrir haglabyssum sem taka fleiri en tvö skothylki.
- e. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Drátt fyrir ákvæði 1. mgr. hefur lögreglustjóri heimild til þess að veita leyfi fyrir hálf sjálfvirkum haglabyssum og rifflum, sem fluttir hafa verið til landsins fyrir gildistöku laga nr. 46/1977, til manna er fullnægja skilyrðum til að mega eiga skotvopn skv. þessari grein.

3. gr.

5. gr. orðist svo:

Lögreglustjóra er heimilt að veita bændum, sem eru ábúendur á lögbylum, leyfi til að eiga hentugar hlaupstuttar einskota byssur (fjárbyssur) til aflifunar búfjár, enda sýni þeir fram á verulega þörf til að eiga slík skotvopn.

Lögreglustjóra er heimilt að veita dýralæknum og mönnum, er skipaðir hafa verið af sveitarfélögum til þess að eyða meindýrum, leyfi fyrir skammbyssu.

Leyfi fyrir skotvopnum samkvæmt 1. og 2. mgr. skal gefið út með þeim fyrirvara að það verði fellt niður, þegar þargreind skilyrði eru ekki lengur fyrir hendi.

Lögreglustjóra er heimilt að veita þeim, er stunda hvalveiðar, leyfi fyrir hvalveiðibyssum.

Frekari leyfi fyrir skammbyssum en að framan getur svo og frekari leyfi fyrir öðrum skotvopnum en tilgreint er í þessum kafla skal lögreglustjóri ekki veita nema með samþykki dómsmálaráðuneytisins.

4. gr.

Á eftir 16. gr. komi nýr kafli: III. kafli. Um vörslu, notkun og afnotarétt skotvopna. (17.—20. gr) og breytist tölusetning kafla og greina samkvæmt því.

5. gr.

17. gr. orðist svo:

Skráður eigandi skotvopns hefur einn heimild til þess að nota það með þeim undantekningum, sem segir í þessum kafla.

Eigendur eða umráðahafar skotfæra og skotvopna skulu ábyrgjast vörslu þeirra og sjá svo um, að óviðkomandi aðilar nái eigi til þeirra.

Þegar skotvopn og skotfæri eru ekki í notkun, skulu skotvopn annars vegar og skotfæri hins vegar geymd í aðskildum læstum hirslum.

6. gr.

18. gr. orðist svo:

Skráður eigandi riffils eða haglabyssu skv. 2. gr. hefur heimild til þess að lána þau skotvopn hverjum sem hefur skotvopnaleyfi, þó eigi leyfi skv. 3. tl. 2. gr. (loftskotvopnum).

Eigandi loftskotvopns hefur heimild til þess að lána það hverjum sem hefur skotvopnaleyfi.

Skráður eigandi skotvopns skv. 3. eða 5. gr. hefur heimild til þess að lána það öðrum, sem hefur leyfi fyrir samskonar vopni og af sömu stærð.

Lánsheimild skv. 1. til 3. mgr. skal vera skrifleg og gildir í allt að 4 vikur.

Eigandi skotvopns er heimilt að láta það af hendi til viðgerðarmanns.

Sá sem fær skotvopn að láni ábyrgist vörslu þess meðan skotvopnið er í umsjá hans.

7. gr.

19. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri getur, ef þörf krefur, að beiðni eiganda skotvopns veitt maka hans eða nánú skyldmenni eða öðrum með sama heimilisfang afnotaheimild að því.

Afnotahafi skal almennt fullnægja skilyrðum að mega eiga það skotvopn er hann fær heimild til að nota.

Afnotaheimild skv. 1. mgr. skal rita í skotvopnaleyfi eiganda. Tilgreina skal í leyfið nafn afnotahafa, heimilisfang og hvaða skotvopn hann hafi heimild til þess að nota.

Lögreglustjóra er heimilt að veita afnotaheimild ótímabundið. Afnotaheimild fellur niður, þegar gildistími leyfis rennur út.

Lögreglustjóri getur, sé þess óskað, gefið út samrit skotvopnaleyfis fyrir afnotahafa.

Skráður afnotahafi skotvopns hefur aðeins heimild til þess að nota skotvopn með samþykki eiganda hverju sinni.

8. gr.

20. gr. orðist svo:

Heimilt er félagssamtökum er hafa iðkun skotfimi að markmiði og hafa fengið leyfi fyrir skotvopni skv. 6. gr. að lána félagsmönnum skotvopn til afnota eftir nánari fyrirætlum lögreglustjóra.

Dótt félagsmaður hafi ekki skotvopnaleyfi er heimilt að lána honum skotvopn, enda noti hann það undir eftirliti skotvarðar eða kennara, allt samkvæmt nánari fyrirætlum lögreglustjóra.

Lögreglustjóri getur gert það að skilyrði að útlán séu skráð í sérstaka bók.

9. gr.

21. (verður 25.) gr. orðist svo:

Þeir sem fá leyfi til þess að versla með skotfæri, sbr. 9. gr. laga nr. 46/1977, skulu geyma þau í húsrými, sem samþykkt er af viðkomandi slökkviliðsstjóra og lögreglustjóra.

Húsrýmið skal þannig gert:

1. Veggir skulu vera a. m. k. 120 mm þykkir gerðir úr steinsteypu, gjallsteini eða vikursteini.
2. Gólf skal vera steinsteyp, a. m. k. 120 mm þykkt.
3. Loftplata skal gerð úr járnbentri steinsteypu, a. m. k. 120 mm þykkt.
4. Hurð sé A 60 eldvarnarhurð með traustri læsingu.
5. Ljósabúnaður í geymslu skal vera sprengipéttur (gaspéttur).
6. Ljósrofi skal vera utan geymslunnar og með aðvörunarljósi.

Sé um óverulegt magn skotfæra að ræða má vikja frá ákvæðum 2. mgr., svo og ef skotfæri eru geymd í húsnæði, þar sem stöðug vakt er.

Skotvopn skal geyma í læstum geymslum, tryggilega útbúnum að mati lögreglustjóra.

Heimilt er að geyma í verslunum á afgreiðslutíma hæfilegt magn skotfæra og skotvopna til daglegrar sölu Óheimilt er þó að stilla skotvopnum og skotfærum í sýningarglugga verslana.

10. gr.

Í stað 29. og 30. gr. komi ný grein, 33. gr., svohljóðandi:

Þeir sem flytja inn skotvopn sem tilgreind eru í 3. tl. 32. gr. þurfa til þess leyfi skv. 9. gr. laga nr. 46/1977, svo og innflutningsleyfi skv. 7. gr. nefndra laga, sbr. 23. gr. þessarar reglugerðar.

Þeir sem hafa leyfi til þess að versla með skotvopn þau sem tilgreind eru í 3. tl. 32. gr., skulu halda skrá yfir seld skotvopn og senda viðkomandi lögreglustjóra afrit af henni.

11. gr.

31. (verður 34.) gr. orðist svo:

Óheimilt er að flytja til landsins, framleiða og eiga: hnúajárn, gaddakylfur og lásboga.

Dómsmálaráðherra er heimilt að banna innflutning, framleiðslu og notkun hættulegra tegunda egg-, högg- og stunguvopna eða annarra þvílíkra vopna.

12. gr.

Á eftir 31. (verður 34.) gr. komi ný grein, og breytist greinatalan samkvæmt því: (35. gr.) Óheimilt er að selja eða afhenda yngra barni en 16 ára örvaboga með meiri togkrafti en 7 kg eða oddhvassar örvar.

13. gr.

32. (verður 36.) gr. orðist svo:

Greiða skal fyrir skotvopnaleyfi sem hér segir:

1. Fyrir hvert skotvopn sem skráð er hvort sem það er nýtt eða notað .. kr. 3.500.00
2. Fyrir endurnýjun á skotvopnaleyfi án tillits til fjölda skotvopna .. — 1 700.00
3. Fyrir afnotaleyfi skv. 19. gr. — 900.00

Gjaldfrjáls eru leyfi fyrir skotvopnum, sem varanlega hafa verið gerð ónothæf og leyfi skv. 3. mgr. 8. gr.

14. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Um endurskráningu skotvopna og innköllun eldri leyfa.

1. Öll skotvopnaleyfi, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku reglugerðar nr. 16/1978 skulu endurnýjuð fyrir 1. október 1979. Leyfi sem gefin hafa verið út eftir gildistöku laga nr. 46/1977 og greitt hefur verið gjald fyrir skulu vera gjaldfrjáls.
2. Endurnýjun er bundin því skilyrði, að umsækjandi fullnægi skilyrðum, sem tilgreind eru í 1. gr.
Þeir sem hafa fengið leyfi fyrir skammbyssum fyrir gildistöku laga nr. 46/1977 eiga þess kost að fá leyfin endurnýjuð til næstu 10 ára. Að þeim tíma liðnum fer um endurnýjun samkvæmt ákvæðum 5. gr.
3. Leyfishafi sem óskar endurnýjunar á skotvopnaleyfi skal sýna lögreglustjóra eða starfsmanni hans viðkomandi skotvopn ef þess er óskað áður en leyfi er endurnýjað.
4. Komi í ljós að skotvopn ber eigi eintaksnúmer eða númer er afmáð skal númera það eftir ákvörðun lögreglustjóra. Skal eigandi skotvopns bera kostnað af því.
5. Sæki handhafi skotvopns ekki um endurnýjun skotvopnaleyfis innan tilskilins frests fer um upptöku samkvæmt 35. gr. laga nr. 46/1977.
6. Nú sækir handhafi skotvopns um endurútgáfu leyfis en lögreglustjóri synjar um endurútgáfu, og skal þá umsækjandi afhenda lögreglustjóra vopnið áður en endurnýjunarfrestur rennur út. Skal þá fara um sölu sem segir í 2. mgr. 32. gr. laga nr. 46/1977.
7. Leyfi til verslunar og innflutnings skotvopna og skotfæra skulu endurnýjuð fyrir 1. október 1979. Nú sækir leyfishafi ekki um framlengingu leyfis fyrir þennan tíma eða er synjað um leyfi, skal dómsmálaráðuneytið þá ákveða hvernig fara skuli með óseldar vörubirgðir skotvopna og skotfæra er hann hefur undir höndum.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum um skotvopn, skotfæri og skotelda nr. 46 13. maí 1977, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. apríl 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Þorleifur Pálsson.